

Umhverfið okkar – Verkefni til framkvæmda

Erindi frá Reginu Hansen Guðbjörnsdóttur hreppsnefndarfulltrúa.

RHG leggur fram eftirfarandi tillögu fyrir hreppsnefnd.

- Að sveitarfélagið taki upp svipað fyrirkomulag og önnur sveitarfélög eru að gera, sem felst í því að íbúar fái að velja ákveðin verkefni eða koma með hugmyndir að verkefni sem gera má hér í sveitarfélaginu. Hægt væri að gera hvoru tveggja.
- Að gert sé ráð fyrir í fjárhagsáætlun á hverju ári ákveðin upphæð til framkvæmda á völdum verkefnum.